

Berjafærð Flakkara 1994

Föstudaginn 2. september fjölmenntu Flakkarar í sína árlegu berjafærð. Að þessu sinni var farið að Tungurétt í Svarfaðardal. Veður var gott og þátttaka mikil, enda vel til alls vandað við undirbúning af hendi ferðanefndar.

Föstudagskvöldið var hefðbundið í svona ferðum, fólk fór á milli bíla, drakk kaffi og meira kaffi og kannski eitthvað fleira. Alltaf fjölgaði bílunum á staðnum og urðu þeir 43 þegar flest var (um 100 manns).



Vid Tungurétt

Mun það vera metþátttaka í berjafærð. Nóttin leið í kyrrð og friði í þeim fallega dal sem Svarfaðardalur er. Að morgni 3. september var risið úr rekkju þegar fólk nenni. Sá sem þetta skrifar fór út um kl. 09:00 og mætti þá einum árrisulum sem var búinn að vera í berjamó í um 3 tíma, að eigin sögn og fara hátt til fjalla. Ekki sýndist mér árangurinn vera í samræmi við erfiðnið.

Fór fólk svo að tinast á fætur og dreifast um móana eins og fé á beit og virtist mér að sumir væru sömu skoðunar og sauð-kindin, að eftir því sem hærra væri klífið væri meiri árangurs að vænta. En hvað um það, árangurinn var góður og allir ánægðir með sinn feng. Við í 122 tindum

sína tvo litrana hvort fyrir mat, en þegar karlinn reis upp eftir góðan hádegisblund voru berjalitrarnir orðnir sex, sem sýnir gróskuna í berjunum, þau héldu áfram að spretta í bílunum. Aðra skýringu kann ég ekki á viðbótinni.

Um kl. 17:00 kveikti ferðanefndin upp í grillum, smáum og stórum, en hún stóð fyrir mikilli grillveislu í húsi sem er við Tungurétt, ágætis hús sem rúmaði vel þann fjölda sem þarna var þó það láti ekki mikið yfir sér utan frá séð. Upphófst nú át mikið og máttu grillarar halda vel áfram til að hafa undan við að grilla í liðið, því lystin virtist vera í góðu lagi eftir fjallaklifur og berjatinslu. En allir fengu nóg og kláraðist ekki maturinn. Það var rausnarlega að veislunni staðið.



Grillmeistararnir í berjafærðinni

Að átinu loknu og einhverju skolvatni, hófst dansleikur við ágæta músík nokkurra Flakkara. Var dansað fram á nótt, með tilþrifum, meðal annars var marsað kringum húsið í svarta myrkri og stórþýfi. Týndist þar einn og einn skóhæll og eitthvað af skóm, þetta fannst að morgni, en enginn þátttakandi úr marsinum, svo þeir hafa komist í hús um nóttina.

Um miðnætti var bögglauppboð og gerðu

þar margir góð kaup. Sagt var að einn hafi keypt nægar jólagjafir fyrir næstu jól og væntanlega verður öll fjölskyldan í Flakkarbolum um jólin. Annar keypti 1 kíló af grillsneiðum fyrir 1400 krónur! Já, það er dýrt íslenska lambakjöt! Elli minn. Á sunnudag fór svo fólk að halda heim á

leið með góðan feng og góðar minningar um ánægjulega helgi. Ferðanefndin á miklar þakkir skildar fyrir frammistöðuna í sumar. Væri ekki rétt að í framtíðinni verði síðasta ferð sumarsins höfð með svipuðu sniði? Þetta var frábært. Við þökkum fyrir okkur.
Áhöfnin á 122.